

## **Yfirtökutilboð Strengs í Skeljung – spurningar og svör**

Strengur hefur lagt fram yfirtökutilboð í allt útistandandi hlutafé Skeljungs í samræmi við skilmála og skilyrði laga um verðbréfavíðskipti nr. 108/2007. Öðrum hluthöfum Skeljungs hefur því verið birt tilboðsyfirlit þann 6 desember sl. Í kjölfarið hafa borist spurningar frá hluthöfum varðandi þær framtíðaráætlanir sem tilboðsgjafi lýsir í tilboðsyfirlitinu. Til að varpa nánara ljósi á áformin birtir Strengur hér viðeigandi svör svo að upplýsingarnar séu jafn aðgengilegar öllum hluthöfum áður en þeir taka upplýsta ákvörðun um yfirtökutilboðið:

**Spurning 1: Hvernig sér tilboðsgjafi fyrir sér að starfsemi félagsins verði að loknum þeim breytingum sem lýst er í tilboðsyfirliti og hvaða áherslur verði í fyrirrúmi? Er hægt að skýra nánar hvers konar rekstrareiningar það eru sem tilboðsgjafi telur að myndu skapa samlegð og hvaða/hvers konar rekstrareiningar, fasteignir og lóðir falla ekki að framtíðar kjarnastarfsemi félagsins?**

Líkt og tilgreint er í tilboðsyfirlitinu þá ráðgerir tilboðsgjafi að bjóða valdar rekstrareiningar, fasteignir og lóðir félagsins til sölu. Einnig kemur til greina að úthýsa starfsemi sem reka má með hagkvæmari hætti utan félagsins. Engar rekstrareiningar eða eignir Skeljungs eru undanskildar slíkri skoðun.

Fyrir liggur vilji Reykjavíkurborgar til að fækka bensínstöðvum sem leiðir til þess félagið mun þurfa að finna hluta af lóðum félagsins nýjan tilgang. Tilboðsgjafi mun því reyna að selja lóðir þar sem talið er að sala skili hærra virði fyrir Skeljung en að halda stöðvum áfram í rekstri. Í kjölfarið má gera ráð fyrir að félagið verði smærra í sniðum og eignaléttara. Vilji tilboðsgjafa er að starfsemin verði betur í stakk búin til að mæta hröðum breytingum sem fylgja orkuskiptum á næstu árum.

Tilboðsgjafi mun jafnframt halda áfram að leita að hagstæðum tækifærum til að víkka tekjugrunn félagsins og skila aukinni arðsemi til lengri tíma. Er þar meðal annars horft til tækifæra á neytendamarkaði með hliðsjón af bættri nýtingu þeirra starfstöðva sem félagið mun ekki leggja af. Í þessu samhengi útilokar tilboðsgjafi ekki að til greina komi að fjárfest verði í félögum eða eignum í óskyldum rekstri, hvort sem er á Íslandi eða erlendis.

Loks er vert að geta þess að skráning félagsins á aðalmarkað Kauphallarinnar er hlutfallslega kostnaðarsöm, og mun tilboðsgjafi leita leiða til að draga úr þeim kostnaði. Í því samhengi er stefnt að því að afskrá félagið eins og tilgreint er í tilboðsyfirlitinu.

Auk þess verður leitast við að einfalda ákvarðanatöku innan félagsins, einfalda stjórnskipulag, fækka millilögum og koma á kaupaukakerfi fyrir lykilstarfsmenn sem munu koma að framkvæmd áætlana Strengs.

**Spurning 2: Getur tilboðsgjafi gefið nánari skýringar á notkun á fjármunum félagsins gangi áætlanir þeirra eftir. Í tilboðsyfirliti kemur fram að „fjármunum verði í auknum mæli úthlutað til hluthafa með arðgreiðslum eða lækkun hlutafjár félagsins, og þar með minnka efnahagsreikning félagsins.“ Liggja upplýsingar fyrir hvort að breyting verði á arðgreiðslustefnu félagsins hvað er áætlað að efnahagsreikningur félagsins minnki mikið að magni?**

Tilboðsgjafi hefur ekki mótað sér arðgreiðslustefnu fyrir félagið til framtíðar. Aftur á móti, eins og kemur fram í tilboðsyfirliti, þá gerir fjármögnun tilboðsgjafa ráð fyrir að fjármunum félagsins verði skilað til hluthafa og til endurgreiðslu þeirrar fjármögnunar sem tilboðsgjafi hefur tryggt sér til kaupa á bréfum í Skeljungi. Tímasetning og umfang slíkra útgreiðslna munu ráðast af árangri í eignasölu og stöðu á handbæru fé innan félagsins hverju sinni.

Nái fyrirætlanir tilboðsgjafa fram að ganga má áætla að efnahagsreikningur Skeljungs muni minnka töluvert á næstu þremur árum af þessum sökum, þótt frekari fjárfestingar muni vega þar á móti.

**Spurning 3: Ekkert er vikið að hugsanlegum samþykktabreytingum í tilboðsyfirlitinu eða hvort fyrirhugaðar séu slíkar breytingar að þær myndu teljast endurskipulagning. Hluthafar telja nauðsynlegt að það sé vikið að þessu, þ.e. rökstudd afstaða, og ef breytingar á samþykktum séu fyrirhugaðar ætti að gera grein fyrir þeim. Þá þurfi að gera frekari grein fyrir endurskipulagningu út frá starfsþáttum eða breytingum á efnahag.**

Ekki liggja fyrir breytingatillögur á samþykktum félagsins af hálfu tilboðsgjafa að svo stöddu.

Tilgangur Skeljungs er skilgreindur nokkuð vítt í samþykktum félagsins en ljóst er að megin starfsemi Skeljungs, þ.e. verslun með bensín og olíu, mun dragast verulega saman í nákominni framtíð óháð framtíðaráformum Strengs. Því er ekki útilokað að tilboðsgjafi muni leitast við að víkka tilgang félagsins í samþykktum, þannig að það vísi með skýrari hætti til fjárfestinga í óskyldum rekstri, hvort sem er á Íslandi eða erlendis.

Samkvæmt ársreikningi Skeljungs eru starfsþættir félagsins tveir og byggja á landfræðilegri skiptingu rekstrar; Ísland og Færeyjar. Eins og fram kemur í tilboðsyfirliti þá telur tilboðsgjafi litla samlegð vera á milli starfsemi Skeljungs á Íslandi og í Færeyjum.

Þessu til viðbótar þá eru ýmsir þættir í samþykktum og stjórnskipulagi Skeljungs sem eru sérsniðnir að skráðu félagi í umfangsmiklum rekstri. Fyrir liggur að tilboðsgjafi vill einfalda rekstur Skeljungs og draga úr kostnaði. Tilboðsgjafi fyrirhugar meðal annars af þeim sökum að afskrá félagið. Því ferli fylgja óhjákvæmilega breytingar á samþykktum og stjórnskipulagi. Til dæmis liggur beint við að afnema tilnefningarnefnd félagsins og jafnvel fækka stjórnarmönnum úr fimm í þrjá.

**Spurning 4: Getur tilboðsgjafi gefið nákvæmari upplýsingar um vænt áhrif af fyrirhuguðum breytingum á starfsmenn, starfsskilyrði og staðsetningu höfuðstöðva?**

Sala og/eða aflagning rekstrareininga hefur líklega áhrif á starfsmenn þar sem störf munu ýmist fylgja hinum seldu einingum til kaupenda eða verða lögð niður samhliða aukinni úthýsingu. Tilboðsgjafi mun einnig leitast við að nýta sjálfvirknivæðingu til að auka hagræðingu í rekstri. Umfang slíkra áhrifa á starfsmenn liggur ekki fyrir að svo stöddu en búast má við að störf hjá félaginu muni flytjast með seldum rekstrareiningum.

Tilboðsgjafi horfir til þess að einstaka starfsstöðvar verði seldar með önnur not í huga og leitað verði hagræðingar í húsnæðiskostnaði. Slíkar aðgerðir geta falið í sér breytingu á staðsetningu höfuðstöðva félagsins.

**Annað:**

Einnig vill tilboðsgjafi koma á framfæri að þann 10. desember sl., tilkynnti ríkistjórn Íslands um ný og metnaðarfull markmið í loftlagsmálum. Uppfært markmið ríkistjórnarinnar kveður á um 55% samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda fyrir árið 2030 í samfloti við Noreg og ESB. Að auki hafa verið tilkynnt markmið um efldar aðgerðir í kolefnisbindingu og landnotkun ásamt aukinni áherslu á loftlagstengd þróunarverkefni. Í þessu sambandi nefndi forsætisráðherra að orkuskipti bifreiðaflotans verði enn hraðari en áður hefur verið talið.

Í kjölfarið á þessari tilkynningu telur tilboðsgjafi að áskoranir Skeljungs hvað orkuskipti varðar muni jafnvel raungerast fyrr en talið var og því mikilvægt að nauðsynlegar breytingar nái fyrr fram að ganga en ella.

Áréttað er að framtíðarsýn tilboðsgjafa er byggð á núverandi áætlunum og væntingum en er jafnframt háð ýmsum óvissuþáttum sem ómögulegt er að segja til um til framtíðar.